

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík 9. júní 2010


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skilmálabreytingar lánasamninga og kaupleigusamninga einstaklinga vegna kaupa á bifreið til einkanota, þskj. 1176 – 646. mál.

Leitað hefur verið umsagnar Lýsingar hf. um ofangreint lagafrumvarp.

Miðað við þær forsendur sem lagt er upp með í frumvarpinu þá er áætlað tjón Lýsingar hf., sem bein afleiðing af aðgerðum sem þar eru boðaðar, á bilinu 3 til 6 milljarðar ISK. Fyrir liggur að stjórnendur Lýsingar hf. hafa ekki heimild til þess að afsala slíkum fjárhæðum, eða rétti til slíkra fjárhæða, án samþykkis eigenda og/eða kröfuhafa. Er því gerður sá fyrirvari við frumvarpið að Lýsing hf. mun leita réttar síns vegna þess tjóns sem fyrirtækið verður fyrir vegna nefndrar lagasetningar ef af verður, eftir atvikum með málsókn á hendur íslenska ríkinu.

Að öðru leiti er vísað til sameiginlegra athugasemda sem unnar hafa verið á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja og berast munu nefndinni í bréfi þaðan.

Virðingarfyllt



Haraldur Flosi Tryggvason,

framkvæmdastjóri lögfræði- og eignasviðs hjá Lýsingu hf.